


HORFUR Í EFNAHAGSMÁLUM

Hagspá ASÍ 2023-2024

MAÍ 2023







SPÁ ASÍ 2023-2024

Hlutfallsleg breyting	Í ma.kr.		Spá	
	2022	2022	2023	2024
Einkaneysla	1.966,6	8,6	1,9	1,6
Samneysla	975,7	1,6	1,9	1,7
Fjármunamyndun	842,0	6,9	3,3	0,3
þar af atvinnuvegir	506,7	15,2	4,8	0,1
þar af húsnæði	184,1	-6,3	5,7	-0,4
þar af hið opinbera	151,2	-0,9	-5,0	2,0
Þjóðarútgjöld	3.793,9	6,4	2,2	1,3
Útflutningur	1.744,4	20,6	7,8	4,8
Innflutningur	1.771,9	19,7	5,9	2,8
Landsframleiðsla	3.766,4	6,4	3,1	2,3
Verðbólga ¹		8,3	8,5	5,7
Verðbólga í lok árs ¹		9,4	7,1	5,0
Atvinnuleysi ²		3,8	4,0	4,5
Gengisvísitala ³		190	195	195

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Skráð atvinnuleysi, hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal


Helstu atriði

Mikil þensla hefur einkennt efnahagslífið hér á landi undanfarin ár. Hagvöxtur og umsvif hafa verið hér mun meiri en í nágrannaríkjum. Efnahagslífið sýnir merki þess að nú taki að hægja á vextinum þó umsvif verði enn umtalsverð fram á næsta ár. Ný hagspá hagfræði- og greiningarsviðs Alþýðusambands Íslands sem hér er birt gerir ráð fyrir að hægja taki á hagvexti á spátímanum. Útlit er fyrir að verðbólga verði þrálát en taki að hjaðna þegar líða tekur á næsta ár.

Raungerist spá ASÍ mun hagvöxtur hér á landi nema 3,1% á þessu ári og 2,3% árið 2024. Mikill hagvöxtur síðasta árs var einkum drifinn áfram af einkaneyslu og bata ferðapjónustunnar. Samkvæmt spá ASÍ verða áfram töluverð umsvif í hagkerfinu á þessu ári en hægja mun á vexti einkaneyslu og innlendar eftirspurnar er líður á spátímann. Skýrist það meðal annars af minni kaupmætti ráðstöfunartekna og aukinni vaxtabyrði heimila.

Spá ASÍ gerir ráð fyrir að verðbólga hafi náð hámarki en verði áfram þrálát. Raungerist spáin, hjaðnar verðbólga eftir sem líður á árið og verður 7,1% undir lok þessa árs eða að meðaltali 8,5% á árinu. Á árinu 2024 má vænta að verðbólga verði 5,7% að jafnaði en verði orðin 5% í lok ársins.

Mynd 1. Hagvöxtur



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Fjárfestingastig í hagkerfinu lækkar lítillega yfir spátímabilið. Áætlað er að fjármunamyndun aukist um 3,3% á þessu ári en haldist að mestu óbreytt á næsta ári, um 0,3% vöxtur milli ára. Útlit er fyrir að draga muni úr opinberri fjárfestingu á þessu ári en að fjárfesting atvinnuveganna og íbúðafjárfesting aukist á sama tíma.

Hætta er á því að íbúðafjárfesting dragist saman á næsta ári, þar sem hærri fjármagnskostnaður og minni eftirspurn eftir húsnæði kunna að hafa neikvæð áhrif á byggingaráform verktaka. Raungerist sú sviðsmynd er ólíklegt að áform stjórnvalda um stórfellda uppbyggingu íbúða á næstu tíu árum muni raungerast. Slík framboðstregða samhliða hraðri fólksfjölgun er líkleg til að viðhalda spennu á húsnæðismarkaði, einkum leigumarkaði í fyrirsjáanlegri framtíð.

Útlit er fyrir töluverðan vöxt útflutnings á þessu ári drifinn áfram af frekari bata ferðapjónustunnar. Fjöldi ferðamanna á þessu ári verður svipaður og árið 2017, eða um 2,1 milljónir ferðamanna. Á síðasta ári jókst útflutningur um 20,6% milli ára. Spá ASÍ gerir ráð fyrir 7,8% vexti útflutnings á þessu ári og 4,8% á næsta ári. Framlag útflutnings til hagvaxtar er jákvætt yfir spátímann en gert er ráð fyrir 5,9% vexti innflutnings á árinu og 2,8% á næsta ári.


Hröð fjölgun ferðamanna hefur haft umtalsverð áhrif á vinnumarkaði. Vinnuaflseftirspurn hefur verið mikil og útlit er fyrir að atvinnuástand verði stöðugt yfir spátímann. Í spá ASÍ er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist lítillega á spátímanum úr 3,8% árið 2022 og verði að jafnaði 4% á þessu ári og 4,5% á því næsta.

Hægir á vexti einkaneyslu

Vöxtur einkaneyslunnar hefur verið kraftmikill síðustu tvö ár en einkaneysla jókst um 8,6% árið 2022. Er um að ræða mesta ársvöxt einkaneyslu frá árinu 2005. Vöxtur neyslunnar náði hámarki á öðrum ársfjórðungi síðasta árs þegar einkaneysla jókst um 13,7% milli ára. Sé vöxtur í einkaneyslu skoðaður nánar, má sjá að veruleg aukning var í undirflokkum einkaneyslu sem takmörkuðust af COVID-faraldrinum árið áður. Ferðir og flutningar jukust um fimmtung, tómstundir og menning um fjórðung og neysla á hótélum og veitingastöðum um tæplega helming. Útgjöld Íslendinga erlendis jukust um tæplega 100% árið 2022.

Skuldir, sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, eru enn heldur lágur í sögulegu samhengi. Mörg skuldsett heimili hafa notið góðs af hækkun húsnæðisverðs og vaxtalækkunum í faraldrinum með því að endurfjármagna húsnæðislán til að hraða niðurgreiðslu eða lækka greiðslubyrði. Eignastaða þeirra sem eiga húsnæði hefur því sömuleiðis styrkst. Vöxtur einkaneyslunnar var því í takt við bættu fjárhagsstöðu heimila og aukin neysla síðasta árs skýrðist að miklu leyti af uppsöfnuðum sparnaði heimilanna.

Mynd 2. Þróun launa og ráðstöfunartekna



Heimild: Hagstofa Íslands


Einkaneysluvöxtur síðustu tveggja ára hefur því að miklu leyti verið bati eftir samdráttinn 2020. Eftir rúmlega 5% kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna á mann árið 2021 tók að hægja á vexti ráðstöfunartekna í fyrra. Ráðstöfunartekjur á mann jukust um 6,5% en kaupmáttur þeirra dróst saman um 1,7% og kaupmáttur launa stóð í stað. Á þriðja ársfjórðungi síðasta árs mældist samdráttur kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann um 6,1% og 3,4% á fjórða ársfjórðungi. Því eru skýr merki um að nú þrengi að stöðu heimila.

Alþýðusambandið hefur bent á að staða leigjenda og þeirra sem nýlega komu inn á húsnæðismarkað sé áhyggjuefni. Nýleg könnun Vörðu bendir til þess að aukinn fjöldi eigi



erfitt með að ná endum saman og glími við vaxandi húsnæðiskostnað.¹ Tölur Hagstofunnar sýna jafnframt að 27% leigjenda glíma við íþyngjandi húsnæðiskostnað.


Mynd 3. Ný húsnæðislán heimilanna



Heimild: Seðlabanki Íslands

Mynd 4. Íbúðalán með vaxtaendurskoðun

Fjárhæð lána



Heimild: Seðlabanki Íslands

Aukin vaxtabyrði heimila hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarin misseri. Við lækkun vaxtastigs færðust lántökur heimila í auknum mæli í óverðtryggt lán. Frá því vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst á síðasta ári hefur orðið viðsnúningur á þessari þróun. Heimili sækja nú í auknum mæli í verðtryggt lán og greiða á móti upp óverðtryggt lán.

Nýleg samantekt Seðlabankans bendir til þess að áhrif vaxtahækkana komi fram með ólíkum hætti á vaxtabyrði heimili.² Sá hluti heimila sem jók ekki skuldsetningu, er með blönduð lán, verðtryggt lán eða fastvaxtalán hefur orðið fyrir takmörkuðum áhrifum af vaxtaþróun á greiðslubyrði. Á móti hefur greiðslubyrði lána hækkað um yfir 40 þúsund

¹ Sjá nánar https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_d374c368e62840c395fde0805dfc6635.pdf


² Sjá rammagrein 1, Fjármálastöðugleiki 1/2023.

krónur á mánuði hjá um fimmtungi heimila. Hjá um 2% heimila hefur greiðslubyrði hækkað um meira en 120 þúsund krónur á mánuði.

Stór hluti óverðtryggðra lána ber enn fasta vexti sem eiga eftir að koma til endurskoðunar. Um 60 milljarðar koma til endurskoðunar á síðari hluta þessa árs. Stærstur hluti kemur þó til endurskoðunar á síðari hluta 2024 og fram á árið 2025, eða alls 550 milljarðar. Greining Seðlabankans bendir til þess að hópur þeirra sem hafa íþyngjandi húsnæðiskostnað myndi nær tvöfaldast ef vextir hefðu komið til endurskoðunar í janúar á þessu ári, úr 6,5% af heimilum í 12,2%.

Ljóst er að töluverð óvissa er um hver endanleg áhrif vaxtaendurskoðunar verða á vaxtabyrði heimila og þar með ráðstöfunartekjur þeirra og einkaneyslu. Það fer að miklu leyti eftir launaþróun á næstu misserum, vaxtastigi við endurskoðun og samsetningu lána sem heimili sækja í þegar vextir koma til endurskoðunar. Fari heimilin í auknum mæli í verðtryggð lán með lengri líftíma getur það leitt til þess að þau geti viðhaldið hærra neyslustigi en ella.

Mynd 5. Einkaneysla - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ


Verðbólguþróun, stýrivaxtahækkanir og væntingar heimila og fyrirtækja um horfur í efnahagslífinu draga upp heldur dökka mynd af neyslugetu almennings en þrátt fyrir allt hefur innlend eftirspurn haldist fremur sterk það sem af er ári. Innlend kortavelta jókst að raunvirði á fyrsta ársfjórðungi 2023 frá fyrra ári. Í gögnum Seðlabankans um kortaveltu aprílmánaðar má þó sjá ákveðinn viðsnúning. Í apríl dregur úr veltu greiðslukorta heimilanna, að raunvirði, milli ára og sömuleiðis dregur úr veltu milli mars og aprílmánaðar. Hægja tók á kröftugri einkaneyslu undir lok síðasta árs. Samkvæmt spá ASÍ heldur áfram að hægja á vexti og aukning einkaneyslu verður 1,9% á þessu ári. Spáin gerir ráð fyrir að vöxtur á næsta ári verði einnig hóflegur, 1,6%.

Fjármunamyndun

Fjármunamyndun jókst um 6,9% á síðasta ári en með fjármunamyndun er átt við fjárfestingar atvinnuveganna, íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Fjármunamyndun síðasta árs var drifin áfram af mikilli fjárfestingu atvinnuveganna, sem jókst um 15,2% á sama tíma og íbúðafjárfesting dróst saman um 6,3% og fjárfesting hins opinbera um 0,9%. Rekja mátti aukna fjármunamyndun til aukinnar eftirspurnar í hagkerfinu m.a. vegna fjölgunar ferðamanna á síðasta ári. Þannig jókst fjárfesting í ólíkum atvinnugreinum en þó eru sýnileg áhrif af fjölgun ferðamanna sem endurspeglast í aukinni fjárfestingu í flutningatækjum t.d. flugvélum, bílaleigubílum og rútum.

Samkvæmt spá ASÍ hægir á vexti fjármunamyndunar er líður á næsta ár. Vænta má 3,3% aukningar fjármunamyndunar á þessu ári og 0,3% á árinu 2024. Umsvif fjárfestinga í hagkerfinu verða þó engu að síður allnokkur, eða á bilinu 21-22% af vergri landsframleiðslu á þessu ári og því næsta.

Mynd 6. Fjármunamyndun



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Næst markmið um 35 þúsund íbúðir?


Aðstæður á húsnæðismarkaði hafa verið í brennidepli undanfarin ár. Til skamms tíma hafa breytingar á vöxtum haft mikil áhrif á eftirspurnarhlið. Þannig hafði hröð lækkun vaxta gríðarleg áhrif á húsnæðiseftirspurn í kjölfar heimsfaraldurs en að sama skapi hefur hækkun vaxta og auknar kröfur á lántakendur orðið til þess að draga úr eftirspurn. Til langs tíma er vandinn hins vegar sá að ekki hefur tekist að stuðla að auknu framboði til að mæta lýðfræðilegri þróun og aukinni fólksfjölgun. Þetta misræmi framboðs- og eftirspurnarþátta hefur leitt til þess að húsnæðisverð hefur undanfarin misseri verið í sögulegum hápunkti, hvort sem borið er saman við annað verðlag eða laun.

Velta á húsnæðismarkaði jókst mikið á árinu 2020. Að meðaltali voru gerðir um 900 kaupsamningar í hverjum mánuði á árunum 2017-2019 en á árunum 2020-2022 um 1.100 kaupsamningar í mánuði. Dregið hefur úr veltu undanfarin misseri en á fyrsta ársfjórðungi

Þessa árs voru að jafnaði gerðir um 670 kaupsamningar í mánuði. Fasteignamarkaður hefur því kólnað en er ekki botnfrosinn. Hækkun vaxta og þrengri lánaskilyrði hafa haft mikil áhrif á fyrstu kaupendur og hefur hlutfall þeirra lækkað úr 33% í 28% undanfarin misseri.

Áhrifin koma einnig fram í hægari hækkunartakti húsnæðisverðs. Í mars mældist árshækkun vísitölu íbúðaverðs 10,7% milli ára en mest mældist árshækkun 25,5% í júlí 2022. Að raunvirði hefur húsnæðisverð lækkað undanfarna mánuði en óvænt hækkun í marsmánuði skýrðist einkum af hækkun á verði sérbylis. Samkvæmt spá ASÍ mun húsnæðisverð lækka að raunvirði á þessu ári og að mestu standa í stað á næsta ári.


Mynd 7. Raunverð húsnæðis



Heimild: HMS og útr. ASÍ

Mynd 8. Búferlaflutningar

Aðfluttur umfram brottflutta




Heimild: Hagstofa Íslands

Á árunum 2016-2019 fluttust 23 þúsund einstaklingar til landsins umfram brottflutta. Í heimsfaraldri hægði á búferlaflutningum en viðsnúningur hefur verið hraður eftir að dregið var úr ferðatakmarkunum. Frá árinu 2020 hafa yfir 19 þúsund flust til landsins umfram brottflutta, og þar af 2.700 á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Alls fjölgaði íbúum á Íslandi um 11.510 á milli 1. janúar 2022 og 1. janúar 2023, eða um 3,1%, sem er mesta


fjölgun svo langt sem mannfjöldatölur ná. Að óbreyttu, mun frekari vöxtur ferðapjónustunnar ýta undir spennu á húsnæðismarkaði, einkum leigumarkaði.

Mynd 9. Fjöldi fullgerðra íbúða



Heimild: Hagstofa Íslands og spá HMS

Mynd 10. Íbúðafjárfesting - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Dregið hefur úr íbúðafjárfestingu síðustu tvö ár eftir kröftugan vöxt á árunum 2016-2019. Árið 2020 stóð íbúðafjárfesting í stað en dróst saman um 5,2% árið 2021 og nú um 6,3% á liðnu ári. Skammtíma vísibendingar benda til þess að íbúðafjárfesting muni aukast á þessu ári. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar var velta í byggingu húsnæðis í janúar-febrúar 2023 um 40% meiri en á sama tímabili í fyrra³. Starfandi í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð fjölgaði einnig töluvert á síðari hluta 2022. Í febrúar síðastliðnum voru 11% fleiri starfandi í greininni en í sama mánuði í fyrra.

³ Velta í milljónum króna, á verðlagi hvers árs, samkvæmt virðisaukaskattskýrslum, án VSK, fyrir „41 Byggingu húsnæðis; þróun byggingarverkefna“.



Spá hagfræði- og greiningarsviðs ASÍ gerir ráð fyrir því að íbúðafjárfesting aukist um 5,7% á þessu ári en dragist svo saman um 0,4% árið 2024. Í núverandi umhverfi hárra vaxta og minni eftirspurnar er þó hætt á því að almennir verktakar dragi frekar úr áformum um byggingar. Nýleg samantekt Samtaka iðnaðarins (SI) bendir til þess að hratt geti dregið úr nýbyggingum á næstunni.

Um mitt ár 2022 sammæltust ríki og sveitarfélög í nýjum rammamningum aukið framboð íbúða. Þar er talið að byggja þurfi 35 þúsund íbúðir til að mæta fyrirsjáanlegri og óuppfylltri íbúðapörf á næstu 10 árum. Á tímabilinu 2023-2032 er stefnt að byggingu 4 þúsund íbúða á ári fyrstu 5 árin og 3.500 íbúða á ári eftir það út tímabilið.

Raungerist spá ASÍ um íbúðafjárfestingu er hætt á að áform um uppbyggingu 35 þúsund verði ekki að veruleika. Hægi verktakar enn frekar á uppbyggingu verða horfur enn dekkri nema að hið opinbera setji stórauðinn þunga í uppbyggingu óhagnaðardrifinna íbúða. Því er hætt á að framboðstregða muni áfram setja þrýsting til hækkunar leigu- og eignaverðs.


Útlit fyrir töluverðan vöxt útflutnings á árinu.

Mikill vöxtur útflutnings árið 2022 skýrist af fjölgun ferðamanna og viðsnúningi í ferðapjónustu frá árinu áður. Útflutningur jókst um rúm 21% á síðasta ári og þar af jókst útflutningur þjónustu um 54% á meðan vöruútflutningur jókst aðeins um 1,4%.


Alls komu 1,7 milljónir ferðamanna til landsins á síðasta ári. Er það sambærilegt við fjölda ferðamanna árið 2016. Milli ára fjölgaði ferðamönnum um rúma milljón frá COVID-árinu 2021 sem skýrir þann mikla vöxt sem mælist í þjónustuútflutningi síðasta árs. Útflutningur hér á landi er mjög næmur fyrir fjölda ferðamanna en horfur í ferðapjónustu eru enn bjartar og ekki virðist sem dregið hafi úr ferðavilja fólks að ráði þrátt fyrir efnahagsþrengingar í mörgum nálægum ríkjum. Fjöldi erlendra ferðamanna er enn að aukast og fjöldi gistinátta sömuleiðis auk þess sem kortavelta erlendra korta héraendis er kröftug í upphafi árs.

Mynd 11. Fjöldi ferðamanna

Þús. á mánuði



Mynd 12. Útflutningur - Breyting milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Spá ASÍ gerir ráð fyrir að 2,1 milljón ferðamanna komi til landsins á þessu ári og verður fjöldinn þá sambærilegur við árið 2017. Forsendur eru fyrir töluverðum vexti útflutnings og gerir spá ASÍ ráð fyrir um 7,8% vexti á þessu ári og 4,8% árinu 2024.

Þrátt fyrir að mikil fjölgun ferðamanna hér á landi í fyrra hafi dregið úr halla á vöru- og þjónustujöfnuði nam hann enn 27,5 milljörðum króna, samanborið við 66 milljarða halla árið áður. Þetta skýrist af hröðum innflutningsvexti í fyrra en innflutningur jókst um tæp 20%, drifinn áfram af neyslu Íslendinga erlendis ásamt aukinni fjárfestingu og aukinni aðfangapörf, þ.e. hrá- og rekstrarvöru.

Mynd 13. Innflutningur - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Samkvæmt spá mun útflutningur árið 2023 og 2024 aukast umfram innflutning og framlag utanríkisviðskipta í heild til hagvaxtar verða jákvætt á spátímabilinu, ólíkt síðustu þremur árum.


Spá ASÍ gerir ráð fyrir að árlegur vöxtur innflutnings verði 5,9% á þessu ári og 2,8% á því næsta.

Prálát verðbólga yfir spátímam

Verðbólga mælist 9,9% um þessar mundir og hefur verið yfir verðbólguþröskulmarki Seðlabankans frá því um mitt ár 2020. Mest mældist verðbólga 10,2% í febrúar síðastliðnum og hafði þá ekki mælst hærra frá því eftir fjármálahrunið 2008.

Verðbólga fór hratt vaxandi á síðasta ári. Húsnæðisverð var meginþröskulmark verðbólgunnar á fyrri helmingi síðasta ári. Eftir því sem leið á árið tók verðbólga að gerast almennari og mælist nú á breiðum grunn. Þetta sést m.a. í því að af undirliðum vísitölu neysliverðs hafa um tveir þriðju þeirra hækkað umfram 6% milli ára. Enn vega þungt áhrif húsnæðisliðar sem hækkað hefur um 14,1% milli ára, hækkun dagvöru um 12% og búvöru sem hækkað hefur um 14,7%. Hrávöruverð hefur verið sveiflukennt frá innrás Rússa í Úkraínu og hefur haft víðtæk áhrif á verðlag um heim allan. Áhrifin koma fram í innfluttri verðbólgu hér á landi en einnig í innlendu verðlagi gegnum aðfangakostnað. Þannig hækkaði verð á áburði, málmum og eldsneyti gríðarlega á síðasta ári sem m.a. birtist í hækkun á innlendra vöru hér á landi.

Mynd 13. Verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Verðbólga hefur reynst þrálátari á þessu ári en greiningaraðilar höfðu væntingar um. Frá því kjarasamningar tóku gildi í byrjun nóvember hefur verðlag hækkað um 4,9%. Því er útlit fyrir mikla verðbólgu á þessu ári og út það næsta. Spá ASÍ gerir ráð fyrir því að verðbólga verði 8,5% að jafnaði á þessu ári og þar af 7,1% í lok þessa árs. Raungerist spáin verður 5,7% meðalverðbólga á næsta ári og um 5% í lok árs. Forsendur eru því fyrir lækkun vaxta þegar líður á næsta ár.

Spá um verðbólgu er háð töluverðri óvissu. Þótt vissulega geti hraðari hjöðnun verðbólgu raungerst, er einnig hætta á að verðbólga gangi hægar niður en í ofangreindri spá. Þar er nokkur óvissa um hvernig alþjóðleg verðbólga, hrávöruverð og húsnæðiskostnaður munu þróast á næstu misserum.

Þar mun þróun á alþjóðlegri verðbólgu, þróun á fasteignaverði og þáttur fyrirtækja hafa mikið um að segja. Þannig gæti misræmi framboðs og eftirspurnar viðhaldið frekari þrýstingi á húsnæðiskostnað á næstu misserum, t.d. í gegnum hækkunir leiguverðs eða minni hjöðnun húsnæðisverðs. Þáttur fyrirtækja gæti þó haft ráðandi áhrif á það hversu þrálát verðbólga reynist. Á síðasta ári jókst rekstrarafgangur í mörgum atvinnugreinum umfram það sem skýra má af verðbólgu. Í heild- og smásöluverslun jókst rekstrarafgangur um 20% á árinu 2022 sem gefur til kynna að fyrirtæki hafi ýtt kostnaðarhækkun út í verðlag og aukið álagningu samhliða⁴.

⁴ Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/launahlutfall-i-hagkerfinu-laekkadi-a-sidasta-ari/>